

Ed.

231. Nefndarálit

[101. mál]

um frv. til l. um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. bætist: Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.
2. Við 3. gr.
 - a) Í stað „Til stofnunar“ í upphafi greinarinnar komi: Vegna stofnunar.
 - b) Upphaf 3.7 orðist svo:

Að styrkja byggingu hafnar við Karlsey skv. 7. gr. og 3. lið 19. gr. hafnalaga, nr. 45/1973 o. s. frv. óbreytt.
3. 5. gr. orðist svo:
 - 5.1. Eftirgreind frávík frá lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu heimil:
 - a) Íslenska ríkið og þeir aðilar aðrir, sem gerast hluthafar í fyrirtækinu skv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins án tillits til 2. málslíðar 2. mgr. 4. gr. fyrrnefndra laga.
 - b) Tala stofnenda skal óháð ákvæðum 1. málslíðar 2. mgr. 4. gr. sömu laga.
 - c) Tala hluthafa skal óháð 38. gr. laganna.
 - d) Ákvæði 2. málslíðs 2. mgr., 31. gr. laganna skal ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.
 - 5.2. Hlutabréf í félaginu skulu stíluð á nafn og undanþegin stimpilgjaldi.
4. 6. gr. orðist svo:
 - 6.1. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. A. m. k. einn aðalmaður og ein varamaður í stjórn félagsins skal vera búsettur í Austur-Barðastrandarsýslu. Heimilt er, að einn aðalmaður og einn varamaður sé erlendir ríkisborgari og búsettur erlendis.
 - 6.2. Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Stjórnin skiptir með sér verkum.
5. Við 7. gr. bætist:

Iðnaðarráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd 1. málsgreinar og skal sú reglugerð sett að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs. Jafnframt skal efla vísindalegt eftirlit og rannsóknir á þörungamiðum og dýralífi á Breiðafirði á vegum opinberra rannsóknastofnana.
6. 8. gr. fellur niður.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Björn Fr. Björnsson og Geir Hallgrímsson.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. des. 1973.

Steingrímur Hermannsson,	Bjarni Guðbjörnsson,	Ragnar Arnalds.
form., frsm.	fundaskr.	
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	